

## Námsáætlun

Íslenska – haust 2017

10. bekkur – 4 klukkustundir á viku

Kennarar: Ágústa Ragnars, Elva Traustadóttir, Jóhanna Sigmundsdóttir, Margrét Matthíasdóttir, Þorbjörg Halldórsdóttir, Þórður Birgisson

Gera má ráð fyrir því að einhverjar breytingar geti orðið á eftirfarandi áætlun. Tilkynnt er um allar slíkar breytingar eins fljótt og auðið er.

### Yfirferð

Tímabil	Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
22. ág. - 19. okt.	<b>Gísla saga Súrssonar</b> Útlaginn Ferðalok  <b>Stoðkennarinn</b> -n og -nn reglur -y, ý og ey reglur	Tímaritgerð Próf Lesskilningsverkefni úr ólesnum texta  Virknimat Verkefnaskil Stafsetningarkönnun	Að nemandi geti -lesið texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað -skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi -greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða -gert sér grein fyrir einkennum Íslendingasagna -beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði -þekkt algengustu tákni og stílbrögð Íslendingasagna -beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málgreinar og efnisgreinar. -beitt reglum um réttiritun og hafi náð góðu valdi á stafsetningu -tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært fyrir þeim rök
24. okt.- 15. des.	<b>Málfríður</b> -setningafræði -greinarmerki -bein og óbein ræða -framburðarmállýskur  <b>Barnasögur</b> -skapandi skrif  <b>Stoðkennarinn</b> -reglur um j -reglur um g -reglur um -ng og -nk	Gagnapróf í málfræði Hópverkefni um mállýskur  Virknimat í kennslustundum Mat á flutningi sögunnar í leikskóla  Virknimat Verkefnaskil Stafsetningarkönnun	Að nemandi geti -gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni á að bæta mál sitt og geti þá þekkingu við nám í erlendum tungumálum -nýtt sér málfræðilegar upplýsingar í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðaböndum -gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni -áttað sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun -þekkt helstu framburðarmállýskur -flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas -gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda m.a. með leikrænni tjáningu -valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi -beitt reglum um réttiritun og hafi náð góðu valdi á stafsetningu

## Lykilhæfni

Rík áhersla er lögð á lykilhæfni og verður hún hluti af námsmati í íslensku. Nemendur þurfa því að hafa lykilhæfni í huga í öllu námi. Þannig eru vinnubrögð metin, virkni í hópastarfi, frumkvæði o.s.fr. Í aðalnámsskrá er lykilhæfni skipt í 5 hluta:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

## Námsáætlun

Stærðfræði – haust 2017

10. bekkur – 4 klukkustundir á viku

Kennarar: Guðrún Inga Tómasdóttir, Signý Gísladóttir og Sigríður Hafstað

Gera má ráð fyrir því að einhverjar breytingar geti orðið á eftirfarandi áætlun. Tilkynnt er um allar slíkar breytingar eins fljótt og auðið er.

### Yfirferð

Tímabil	Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
22. ág. - 29. sept.	<p>1. kafli í Skala – Persónuleg fjármál</p> <p><b>Laun, fjárhagsáætlun og bókhald</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- reikna út laun og skatt</li> <li>- gera bókhald</li> <li>- útskýra útreikninga og kynna fjárhagsáætlun og bókhald</li> </ul> <p><b>Lán og sparnaður</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- reikna út vexti af bankainnistæðu</li> <li>- reikna út fjölda vaxtadaga</li> <li>- reikna með vaxtavöxtum</li> <li>- gera útreikninga varðandi neyslu</li> <li>- gera útreikninga varðandi notkun kreditkorts</li> </ul> <p><b>Virðisbreyting</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- reikna út endurtekna hækkun og lækkun í prósentum</li> </ul>	<p>Verkefni</p> <p>Könnun</p> <p>Ástundun</p>	<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg vandamál,</li> <li>- tjáð sig um stærðfræðileg efni munnlega, skriflega og myndrænt, af nákvæmni og túlkað framsetningu annarra á stærðfræðilegu efni,</li> <li>- leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með fjölbreyttum aðferðum,</li> <li>- notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.</li> </ul>
Sleppa: 1.1 , bls. 15, 1.42, 1.44, 1.50, 1.54, 1.57, 1.58, 1.67, bls. 32-34, 1.80,			
2. okt.- 3. nóv.	<p>2. kafli í Skala – Rúmfræði og hönnun</p> <p><b>Þríhyrningsútreikningar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- reikna út lengd óþekkrar hliðar í rétthyrndum þríhyrningi</li> <li>- reikna út lengd hliða í sérstökum tegundum þríhyrninga</li> <li>- færa rök fyrir hvers vegna form eru einslaga</li> <li>- reikna út lengd hliða í einslaga myndum</li> </ul> <p><b>Landakort og mælikvarði</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- finna mælikvarða sem hlutfall milli eftirmyndar og frummyndar</li> <li>- nota mælikvarða til að reikna út fjarlægðir á landakorti</li> </ul>	<p>Verkefni</p> <p>Könnun</p> <p>Ástundun</p>	<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- notað mælikvarða</li> <li>- unnið með einslaga form,</li> <li>- útskýrt setningu Pýþagórasar og nýtt hana við lausn ýmissa viðfangsefna</li> <li>- reiknað hliðarlengdir og horn út frá þekktum eiginleikum,</li> <li>- reglu um hornasummu í marghyrningi og beitt henni í margvíslegu samhengi.</li> <li>- mælt ummál, flöt og rými, reiknað stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu,</li> <li>- sett fram einföld rúmfræðileg rök og sannanir</li> </ul>
Sleppa: bls. 72-92 ; 2.3, 2.6, 2.13, 2.22, 2.34, 2.40, f-liður í 2.43			
6. nóv. – 3. mars	<p>3. og 4. kafli í Skala – Algebra og jöfnur og Föll og viðbótarefni</p> <p><b>Línulegar jöfnur og línuleg jöfnuhneppi</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- leysa línuleg jöfnuhneppi með innsetningaraðferðinni</li> </ul>	<p>Könnun</p> <p>Verkefni</p> <p>Ástundun</p>	<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- lesið úr táknmáli stærðfræðinnar, notað það á merkingarbæran hátt, t.d. þýtt af daglegu máli yfir á táknmál stærðfræðinnar</li> <li>- reiknað með ræðum tölum, m.a. við lausnir á jöfnum og öðrum viðfangsefnum algebru</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>- leysa línuleg jöfnuhneppi með samlagningaraðferðinn</li> <li>- leysa línuleg jöfnuhneppi með grafískri aðferð, þ.e. með teikningu</li> <li>- setja upp og leysa línuleg jöfnuhneppi sem tengjast aðstæðum úr daglegu lífi</li> <li>- reikna með formúlum</li> </ul> <p><b>Bókstafareikningur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- deila með almennum brotum í almenn brot</li> <li>- reikna með almennum brotum þar sem teljari og nefnari geta innihaldið bókstafi</li> <li>- þátta algebrustæður</li> <li>- stytta almenn brot með bókstafsstæðum</li> </ul> <p><b>Jöfnur leystar með þáttun.</b></p> <p><b>Ferningsreglurnar og ójöfnur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- þátta annars stigs stæður</li> <li>- nota ferningsreglunar í báðar áttir</li> <li>- leysa annars stigs jöfnur með þáttun, ferningsreglunum, samokareglunni og núllpunktsreglunni</li> <li>- leysa fyrsta stigs ójöfnur</li> </ul> <p><b>Annars stigs föll</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- bera kennsl á annars stigs föll</li> <li>- teikna fleygboga út frá fallstæðu</li> <li>- segja til um topp- eða botnpunkt (hæsta og lægsta fildi) fleygborga</li> <li>- finna jöfnu annars stigs falls þegar grafið er þekkt</li> <li>- lýsa hliðrun fallsins <math>x^2</math> yfir í <math>(x-a)^2 + b</math></li> <li>- Öfugt hlutfall</li> <li>- sjá tengsl milli hlutfallsstærða og stærða sem eru í öfugu hlutfalli hvorar við aðra</li> <li>- sýna stærðir í öfugu hlutfalli hvorar við aðra á mismunandi vegu</li> <li>- ganga úr skugga um hvort tævr stærðir eru í öfugu hlutfalli hvor við aðra</li> <li>- finna topppunkta og botnpunkta (hæstu og lægstu gildi ) nokkurra falla</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>- rannsakað mynstur og alhæft um þau, leyst jöfnur, notað breytistærðir og lýst sambandi þeirra með stæðum og föllum,</li> <li>- leyst jöfnur og einfaldar ójöfnur, leyst saman jöfnur með fleiri en einni óþekktri stærð,</li> <li>- ákvarðað lausnir á jöfnum og jöfnuhneppum með myndritum og lýst sambandi breytistærða með föllum.</li> </ul>
---	--	---

## Lykilhæfni

Rík áhersla er lögð á lykilhæfni og verður hún hluti af námsmati í stærðfræði. Nemendur þurfa því að hafa lykilhæfni í huga í öllu námi. Þannig eru vinnubrögð metin, virkni í hópastarfi, frumkvæði o.s.fr. Í aðalnámsskrá er lykilhæfni skipt í 5 hluta:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

## Námsáætlun

Enska – haust 2017

10. bekkur – 2 klukkustundir á viku

Kennarar: Karl Sigtryggsson og Vignir Andri Guðmundsson

Gera má ráð fyrir því að einhverjar breytingar geti orðið á eftirfarandi áætlun. Tilkynt er um allar slíkar breytingar eins fljótt og auðið er.

### Almennt / Verklag

Námi í ensku er skipt í námslotur sem miðast við hæfniviðmið Aðalnámsskrár Grunnskóla og eru: hlustun, frásögn, lesskilningur, ritun, samskipti og menningarläsi. Viðfangsefni námslotanna eru aðlagðir árgöngum út frá hæfniviðmiðum. Þannig verður stöðug framvinda hæfni innan námshlutanna frá 8. – 10. bekkjar.

Í hverjum námshluta er þannig unnið með tiltekin viðfangsefni hæfniviðmiðanna og þreyta nemendur margvísleg verkefni sem þjálf þá hæfni. Í lok námshlutans er svo námsmat sem metur stöðu nemandans í samræmi við viðkomandi hæfniviðmið.

### Yfirferð

Tímabil	Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
22. ág. - 15. sept.	<b>Hlustun</b> Verkefni unnin úr fjölmiðlaefni	Hlustunarkönnun	Að nemandi geti <ul style="list-style-type: none"> <li>- tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt,</li> <li>- án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr,</li> <li>- hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.</li> </ul>
18. sept. – 6. okt.	<b>Lesskilningur</b> Nemendur velja kjörbók og halda lestrardagbók	Örsaga greind í tíma	- lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim.
9. okt – 27. okt	<b>Ritun</b> Bókmenntaritgerð	Bókmenntaritgerð	- skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.
17. okt – 24. nóv	<b>Frásögn</b> Hópverkefni um umdeild málefni	Stutt kynning á myndbandi	- tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.
27. nóv – 15. des	<b>Samskipti</b> Kappræður um verkefni síðustu lotu	Munnlegt próf	- tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.

## Lykilhæfni

Rík áhersla er lögð á lykilhæfni og verður hún hluti af námsmati í ensku. Nemendur þurfa því að hafa lykilhæfni í huga í öllu námi. Þannig eru vinnubrögð metin, virkni í hópstarfi, frumkvæði o.s.fr. Í aðalnámsskrá er lykilhæfni skipt í 5 hluta:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

## Annað

### Námsmappa

Nemendur skulu halda utan um öll verkefni og allt efni sem unnið er í tímum í möppu. Í lýsingu hvers námshluta má finna gátlista hvað á að vera í möppunni.

### Námsbækur

Meðfram verkefnavinnu vinna nemendur í Spotlight 8. Nemendur koma með verkefnabók í skólann, en lestrarbók má geyma í stofu hjá kennara.

### Ritstuldur

- Ef efni í verkefnum er afritað beint af netinu eða annars staðar frá er því ólokið.
- Ef efni í námsmati er afritað beint er einkunnin D gefin fyrir það.
- Efni telst stolið ef heil setning eða meira og minna er tekin óbreytt.

### Verkefnaskil

- Ef nemandi skilar ekki verkefni á skiladegi, telst það ólokið.
- Ef nemandi sér ekki fram á að geta skilað verkefni á tilsettum tíma skal hann ræða við kennara sinn fyrir settan skiladag og greina frá ástæðum þess. Athugið að hefðbundið félagsstarf í skóla og tómsundur eru ekki talin gild ástæða til skilafrests.
- Ef nemandi er ekki viðstaddur í námsmati án leyfis, fær hann D í einkunn fyrir það námsmat
- Ef nemandi er með leyfi á námsmatsdegi, skal hann tilbúinn að þreyta það þegar hann snýr aftur úr leyfi, nema að um annað sé samið.

### Símanotkun

Símanotkun í tímum er óheimil, nema með tilmælum kennara.

## Námsáætlun

Danska – haust 2017

10. bekkur – 2 klukkustundir á viku

Kennarar: Guðrún Kristín Þórisdóttir og Hildur Ásgeirsdóttir

Gera má ráð fyrir því að einhverjar breytingar geti orðið á eftirfarandi áætlun. Tilkynt er um allar slíkar breytingar eins fljótt og auðið er.

### Yfirferð

Tímabil	Náms- / viðfangsefni	Námsmat
22. ág. – 15. des.	<p><b>Ekko les- og vinnubók</b>  <b>Kaflarnir Skoleliv, Sport og motion og Spis dig glad</b>            bls. 5, 7, 14-16, 22-23, 30-33, 38-39 í lesbók og tilheyrandi æfingar í vinnubók</p> <p><b>Danskar kvikmyndir og þættir</b></p> <p><b>Ýmis málfræðigögn</b></p> <p><b>Dönsk lög</b></p> <p><b>Upplýsingar af netinu</b></p>	<p>Ólesin próf</p> <p>Munnlegar æfingar</p> <p>Ritunaræfingar</p> <p>Þemaverkefni</p> <p>Einstaklings- og hópavinna</p>

### Hæfniviðmið

#### Hlustun:

- Skilið það mál sem varðar nemandann sjálfan og mál sem notað er í kennslustofunni.
- Fylgt þræði í fjölmiðlaefni og úr heimi dægurmennningar.
- Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Í hlustun eru unnin hlustunarverkefni úr Ekko vinnubók, nemendur hlusta á kennara tala dönsku og vinna ýmis verkefni, m.a. verkefni sem danskur farkennari leggur fyrir nemendur í september.

Nemendur flytja verkefni (aðrir hlusta) og horfa á danskar kvikmyndir/þætti.

#### Lesskilningur:

- Skilið megin- inntak í stuttum aðgengilegum frásögnum dagblaða tímarita og netmiðla, með stuðningi t.d. af myndum.
- Fundið lykilupplýsingar í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans.

Lestur Ekko lesbókar ásamt öðrum lestextum og verkefni leyst í Ekko vinnubók. Nemendur horfa á danskar kvikmyndir/þætti með dönskum texta, sem reynir einnig á lesskilning. Nemendur afla sér upplýsinga á dönskum miðlum þegar unnin eru þemaverkefni.

#### Samskipti og frásögn:

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.
- Sagt auðveldlega frá reynslu, framtíðar-áformum og eigin skoðunum.
- Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar og mynda.

- Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.
- Bjargað sér við algengar aðstæður t.d. í verslunum eða veitingastöðum.
- Getið tekið þátt í samskiptaleikjum

Danskur farkennari þjálfar nemendur í frásögn í september. Öll samskipti sem eiga sér stað á dönsku teljast til verkefna.

Munnlegar æfingar, skipulagðar af kennara, ýmist sem hóp-, einstaklings- eða paraverkefni.

Nemendur kynna verkefni á dönsku.

#### **Ritun:**

- Skrifa texta af mismunandi gerðum með stuðningi t.d. gátlista.
- Ritað nokkuð lipurlega frá því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- Samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.

Nemendur gera nokkur misstór ritunaverkefni, bæði sem einstaklings- og hóp-/paraverkefni.

#### **Menningarläsi:**

- Sýnt fram á að hann þekkir til síða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og geti borið saman við eigin menningu.
- Sýnt fram á að hann átti sig á skyldleika dönsku við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

## Lykilhæfni

Rík áhersla er lögð á lykilhæfni og verður hún hluti af námsmati í dönsku. Nemendur þurfa því að hafa lykilhæfni í huga í öllu námi. Þannig eru vinnubrögð metin, virkni í hópastarfi, frumkvæði o.s.fr. Í aðalnámsskrá er lykilhæfni skipt í 5 hluta:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

## Annað

### Verkefnaskil

- Ef nemandi skilar ekki verkefni á skiladegi, telst það ólokið.
- Ef nemandi sér ekki fram á að geta skilað verkefni á tilsettum tíma skal hann ræða við kennara sinn fyrir settan skiladag og greina frá ástæðum þess. Athugið að hefðbundið félagsstarf í skóla og tólmstundir eru ekki talin gild ástæða til skilafrests.
- Ef nemandi er ekki viðstaddur í námsmati án leyfis, fær hann D í einkunn fyrir það námsmat
- Ef nemandi er með leyfi á námsmatsdegi, skal hann tilbúinn að þreyta það þegar hann snýr aftur úr leyfi, nema að um annað sé samið.

### Símanotkun

Símanotkun í tímum er óheimil, nema með tilmælum kennara.



## Námsáætlun

Náttúrufræði – haust 2017

10. bekkur – 2 klukkustundir á viku

Kennarar: Benedikt Páll Jónsson og Hanna Þorgerður Vilhjálmsdóttir

Gera má ráð fyrir því að einhverjar breytingar geti orðið á eftirfarandi áætlun. Tilkynnt er um allar slíkar breytingar eins fljótt og auðið er.

### Yfirferð

Tímabil	Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
22. ág. - 6. okt.	<b>Maður og náttúra</b> <b>Kafli 4</b> <b>Erfðir og erfðafræði</b> Bls. 86-115 (sleppa bls. 105-107). Sjálfspróf 4.1, 4.2, 4.3, 4.4, 4,5 (sl. 5-8) og 4.6. Erfðafræðihefti		Að nemandi geti - útskýrt að erfðir ráðast af genum, - útskýrt arfbundinn breytileika, - skýrt tengsl mannfjölda- þróunar við framleiðslu og dreifingu matvæla og þátt líftækninnar í þeim tengslum, - beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingsstigs.
9. okt. – 10. nóv	<b>Maður og náttúra</b> <b>Kafli 5</b> <b>Þróun lífsins</b> Bls. 116-125. Sjálfspróf 5.1.  <b>Maður og náttúra</b> <b>Kafli 1</b> <b>Ljóstillífun og bruni.</b> Bls. 5-21. Sjálfspróf 1.1, 1.2 og 1.3.  <b>Maður og náttúra</b> <b>Kafli 2</b> <b>Vistfræði</b> Bls. 22-31 og 48-51. Sjálfspróf 2.1 og 2.6.		- útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika, - lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillífun og bruna og gildi þeirra, - úrskýrt þarfir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum, - útskýrt hvernig íslenskar lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu.
13. nóv. – 18. des	<b>Maður og náttúra</b> <b>Kafli 3</b> <b>Umhverfi okkar</b> Bls. 54-85.		- útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar, - útskýrt breytingar á landnotkun og tengsl þeirra við jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu, - útskýrt árstíðabundið veðurlag og loftslagsbreytingar, ástæður og afleiðingar, - rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni, vatnsnotkun og sjó, - rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna, - útskýrt forsendur vistvænnar hönnunar.

## Lykilhæfni

Rík áhersla er lögð á lykilhæfni og verður hún hluti af námsmati í náttúrufræði. Nemendur þurfa því að hafa lykilhæfni í huga í öllu námi. Þannig eru vinnubrögð metin, virkni í hópastarfi, frumkvæði o.s.fr. Í aðalnámsskrá er lykilhæfni skipt í 5 hluta:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

## Námsáætlun

Samfélagsfræði – Þjóðfélagsfræði – haust 2017

10. bekkur – 2 klukkustundir á viku

Kennarar: Edda Hauksdóttir, Elín Árnadóttir, Soffía Thorarensen

Gera má ráð fyrir því að einhverjar breytingar geti orðið á eftirfarandi áætlun. Tilkynnt er um allar slíkar breytingar eins fljótt og auðið er.

### Almennt / Verklag

Markmið náms í samfélagsfræði er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu.

Kennslubók: Á ferð um samfélagið.

### Yfirferð

Tímabil	Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
22. ág. - 1. sept.	<b>1.kafli</b> Hvað er samfélag? bls. 4-21.	Hugtök á bls. 20. Finndu svarið á bls. 20.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none"> <li>- kynnist muninum á samfélagi og þjóðfélagi, hvernig þeir sjálfir hafi áhrif á samfélagið og samfélagið áhrif á þá.</li> <li>- átti sig á þeim hlutverkum sem finna má í samfélögum og hvernig þau stuðli að því að samfélög lifi af.</li> <li>- geti borið saman mismunandi samfélög í nútíð, en einnig í fortíð.</li> </ul>
2. sept. – 15. sept.	<b>2.kafli</b> Sinn er siður bls. 22-35.	Hugtök á bls. 34. Finndu svar á bls. 35.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- átti sig á aðferðum sem miða að því að fá fólk til að hlýða reglum.</li> <li>- átti sig á ólíkum siðum og hvernig líf þeirra hefði orðið hefðu þeir fæðst meðal frumbyggja í regnskógum Amason.</li> </ul>
18. sept. – 6. okt.	<b>3.kafli</b> Félagsmótun bls. 36-49.	Hugtök bls. 48.  Finndu svarið bls. 49.  Hópverkefni um stofnanir í samfélaginu.	Að nemendur <ul style="list-style-type: none"> <li>- átti sig á stöðu sinni og hlutverkum í samfélaginu. Hvaða þættir móti þá stöðu og að hve miklu leyti við ráðum henni sjálf? Einnig hvernig við gegnum ólíkum hlutverkum eftir aðstæðum og hópum hverju sinni.</li> <li>- átti sig á mikilvægi fjölmiðla sem upplýsingagjafa og mótunaraðila. Læra þarf að lesa í fréttir og meta áreiðanleika þeirra.</li> <li>- velti fyrir sér hverjir hafi mest áhrif til mótunar í lífi okkar.</li> </ul>

9. okt. – 17. nóv	<b>4. kafli</b> Menning og samfélag bls. 50-65.  Heimsókn: Kynning á þróunarstarfi.  Upprifjun fyrir próf.	Hugtök bls. 64  Finndu svarið bls. 64.  Einstaklings- eða paraverkefni.  Miðsvetrarpróf	Að nemendur - átti sig á hugtakinu menning þ.e. hvað móti hana og hvernig hún móti okkur. Einnig á menningar- legum mun kynja, starfsstétta o.fl. - velti fyrir sér neyslusamfélaginu, mikilvægi sjálfbærrar þróunar og hvernig sporna megi við matarsóun. - átti sig á hvaða þættir móti helst menninguna og muninum á menningu þróunarlanda annars vegar og iðnvæðra landa hins vegar.
20. nóv. – 1. des	<b>5.kafli</b> Fjölskyldan bls.66-79.  Heimsóknir.	Hugtök bls. 78.  Finndu svar bls. 78.	Að nemendur - skoði mismunandi fjölskyldugerðir og átti sig á því að fjölskyldur geti verið ólíkar eftir menningarheimum en einnig mismunandi skilgreiningu á fjölskyldunni. - velti fyrir sér breytingunni frá 19. öld þegar skilnaðir voru nær óhugsandi. Í framhaldinu má ræða og íhuga breytingar á samfélaginu og ástæður sem liggja að baki fjölgun skilnaða. - velti fyrir sér hlutverki fjölskyldunnar, mikilvægi hennar og mismunandi stöðu fjölskyldumeðlima. - velti fyrir sér breytingum á fjölskyldunni og hlutverkum hennar frá 19. öld og til dagsins í dag.
4. des. – 15. des.	<b>6.kafli</b> Gaman saman bls.80- 97.  Heimsóknir.	Hugtök bls. 96.  Finndu svar bls. 96.	Að nemendur - kynnist hugtakinu ást, bæði sem tilfinningu og út frá fræðilegri skilgreiningu. Hvað það er að vera ástfanginn, lenda í ástarsorg og allar þær tilfinningar sem slíku fylgja. - fræðist um mismunandi hjónabönd. - átti sig á mikilvægi þess að stunda ábyrgt kynlíf með samþykki beggja og einnig hvað kynferðisleg áreitni og ofbeldi fela í sér.

## Lykilhæfni

Rík áhersla er lögð á lykilhæfni og verður hún hluti af námsmati í samfélagsfræði. Nemendur þurfa því að hafa lykilhæfni í huga í öllu námi. Þannig eru vinnubrögð metin, virkni í hópstarfi, frumkvæði o.s.fr. Í aðalnámsskrá er lykilhæfni skipt í 5 hluta:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

## Annað

### Verkefni

Nemendur svara alltaf spurningu 1 (hugtök) og Finndu svarið. Í lok hvers kafla er farið í umræðuspurningar eftir því sem tími vinnst til og lítil verkefni unnin í hópum. Lokið verður við fyrstu sex kafla bókarinnar um áramót og seinni hlutann eftir áramót.

Það er mikilvægt að nemendur vandi vinnubrögð og hafi gott skipulag á verkefnum sínum.

### Námsmat

Miðsvetrarpróf um miðjan nóvember.

Fyrirlestur um stofnun/samtök í samfélaginu þar sem unnið er í hópum. Metin verður hópavinnan sem og framlag hvers og eins innan hópsins.

Einstaklings-eða paraverkefni: Nemendur velja sér efni úr viðfangsefnum eða heimildavinnu í lok hvers kafla.

Ástundun þ.e. vinna og virkni í tímum. Kennari skoðar vinnu nemenda ásamt því að meta virkni og þátttöku í tímum.

#### Fyrirlestur

Fyrirlestur um stofnun í íslensku samfélagi. Nemendur vinna í hóp. Hópurinn velur sér stofnun eða samtök, kynna sér hana og halda síðan kynningu fyrir bekknum. Nánari upplýsingar þegar að verkefni kemur.

#### Einstaklings- eða paraverkefni

Nemendur velja sér eitthvað af eftirfarandi verkefnum og skila til kennara ásamt því að halda stutta kynningu fyrir bekkinn. Nánari upplýsingar um verkefnið þegar að því kemur en nemendur geta strax valið sér efni og látið kennara vita. Mjög gott að gera það snemma því það mega í mesta lagi vera tveir úr hverjum bekk með sama viðfangsefnið.